

Samráðsfundur

Dags: 8. Sept. 2008, kl. 11:30

Aðili: Alþýðusamband Íslands (ASÍ)

Fulltrúar: Stefán Úlfarsson, hagfræðingur

Tengiliðir: stefan@asi.is

Viðstaddir stjórnarmenn: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdótti, Hjörleifur Kvaran, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Tómas Þór Tómasson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

1. SÚ er starfsmaður Atvinnumálanefndar innan ASÍ sem verið hefur að móta atvinnumálastefnu. M.a. kemur sú vinna að virkjun auðlinda í landinu.
2. Fagna vinnu og starfi Rammaáætlunar. Hafa fylgst með störfum verkefnastjórnar fram að þessu. Telja mikilvæga forsendu frekari virkjana að slíkur rammi sé unninn. Innan ASÍ eru menn frekar „praktískir“ og líta þannig á að mikilvægt sé að nýta auðlindir landsins til uppbyggingar aukinna atvinnutækifæra. Fylgjast beri vel með vinnu Rammaáætlunar og á seinni stigum vildu þeir gjarnan leggja orð í belg.
3. Stefna ASÍ í þessum efnum er mjög almennt orðuð en hagsmunir svæða ráða mestu í einstökum tilfellum með því fororði að nýta beri orkuauðlindir heima í héraði. Ríkur skilningur er á þeirri skoðun innan ASÍ. ASÍ leggur mikla áherslu á að hugað sé vel að regluverkinu i kringum uppbyggingu virkjana.
4. Mun senda verkefnisstjórn þann hluta atvinnustefnu ASÍ er lítur að orkumálum.